

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 1. nóvember 2012 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2013 –fyrri umræða

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2013 til fyrri umræðu. Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir helstu forsendum og breytum í áætluninni. Miklar umræður urðu um áætlunina bæði einstaka þætti hennar og niðurstöður hennar í heild. Ákveðið að gera nokkrar breytingar og leggja breytta áætlun fyrir fund til seinni umræðu og afgreiðslu sveitarstjórnar.

2. Fjárhagsáætlun Tónlistarskóla A-Hún

Fyrir fundinum lá fjárhagsáætlun Tónlistarskóla A-Hún sem stjórn tónlistarskólans hefur samþykkt og sent sveitarfélögum til kynningar eða umfjöllunar. Halldór Ólafsson sem á sæti í stjórn tónlistarskólans skýrði helstu forsendur. Samkvæmt áætluninni eru framlög sveitarfélaga til tónlistarskólans 35.350 þús. og þar af verði kostnaðarhlutdeild Skagastrandar 9.581 þús. Umræður urðu um áætlunina en kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins vísað til síðari umræðu fjárhagsáætlunar.

3. Byggðakvóti

Fyrir fundinum lá bréf Atvinnu og nýsköpunarráðuneytisins dags. 19. október 2012 þar sem tilkynnt er um þá niðurstöðu að úthluta 300 þorskígildistönnum sem byggðakvóta til sveitarfélagsins. Í bréfinu kemur einnig fram að frá hinum almennu reglum sem gildi um byggðakvóta sé heimilt að víkja samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna enda rökstyðji þær tillögur sínar og sýni fram á að skilyrði sem lögð eru til byggi á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags. Frestur til að skila rökstuddum tillögum til ráðuneytisins er veittur til 9. nóvember nk. Sveitarstjórn ræddi efni bréfsins og byggðakvóta almennt. Samþykkt að senda ráðuneytinu tillögur um sérstök skilyrði innan tilgreindra tímamarka.

4. Minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 2. okt. 2012

Fyrir fundinum lá minnisblað um vinnufund velferðarráðherra og starfsmanna ráðuneytisins með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 25. september 2012. Í minnisblaðinu kemur fram að vinnufundurinn fjallaði um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, lengd tímabils atvinnuleysisbóta, málefni aldraðs fólks, innleiðingu húsnaðisbótakerfis, talþjálfun grunnskólabarna, afnám orlofs húsmæðra, varasjóð húsnæðismála og atvinnumál fatlaðs fólks. Minnisblaðið var til kynningar.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir**5. Bréf:**

a. Formanns stjórnar Brunavarna A-Hún, dags. 9. október 2012

Með bréfinu er greint frá pöntun á klippubúnaði fyrir Brunavarnir A-Hún og óskað eftir að Sveitarfélagið Skagaströnd verði aðili að þeim kaupum með 750 þús. kr. framlagi til kaupanna. Heildarverð á búnaði er um 3,3 milljónir króna. Í umræðum um málið kom fram að með gildistöku mannvirkjalaga hafi öllum slökkviliðum verið gert skylt að hafa yfir að ráða klippubúnaði og með þátttöku í umræddum klippukaupum teljist slökkvilið Skagastrandar hafa uppfyllt þá skyldu enda verði slökkviliðsmenn þjálfaðir í notkun þeirra og hafi aðgang að þeim ef þær aðstæður skapast.

Samþykkt að leggja 500 þús. til klippukaupanna.

b. Landssambands hestamannafélaga, dags. 3. október 2012

Með bréfinu er óskað eftir styrk frá sveitafélaginu að fjárhæð 100 þús. krónur á ári á næstu fjórum árum til að fullgera kortasjá fyrir reiðleiðir á landinu.

Erindinu var hafnað.

6. Fundargerðir:

a. Stjórnar Félags og skólaþjónustu A-Hún, 10.10.2012

Fundargerðin var til kynningar.

b. Stjórnar SSNV, 2.10.2012

Fundargerðin var til kynningar.

c. Hafnasambands Íslands, 15.10.2012

Fundargerðin var til kynningar.

7. Önnur mál

Oddviti greindi frá því að hann hafi setið fund með fjárlaganefnd 15. október sl. ásamt bæjarstjóra Blönduóss þar sem hagsmunir A-Hún voru til umræðu og farið yfir þau mál sem varða Skagaströnd og heyra undir verksvið fjárlaganefndar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 13⁰⁰

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson